



Laus störf í Bláskógaskóla á Laugarvatni

Bláskógaskóli á Laugarvatni er samþættur leik- og grunnskóli ásamt frístundarstarfi. Nemendur eru á aldrinum 1 árs upp í 10. bekk og þar af eru 27 börn í leikskóladeild og 53 í grunnskóladeild. Skólinn er Grænfána skóli og leggur áherslu á fjölbreytta kennsluhætti, fagleg vinnubrögð, einstaklingsmiðað nám, útikennslu og heilsueflingu. Leikskóladeild vinnur út frá kenninum um „Flæði“ og uppeldisstefna skólans er „Uppeldi til ábyrgðar“.

Kennari í 100% stöðu: Kennarar í leikskóladeild starfa eftir starfslýsingu leikskólakennara.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf til kennslu í leikskóla.
- Góð færni í samskiptum.
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður.
- Vilji til þátttöku í samstarfi og teymiskennslu.
- Áhugi á útinámi og að þróa sig í starfi.
- Góð íslenskukunnátta
- Jákvæðni og sveigjanleiki.
- Vilji til að gera góðan skóla betri.



Fáist ekki kennari er möguleiki að ráða leiðbeinanda tímabundið. Æskilegt að geta hafið störf sem fyrst.

Starfsmaður í sumarfrístund í 100 % stöðu: Starfsmaður vinnur eftir starfslýsingu um yfirumsjón með lengdri viðveru.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Góð færni í samskiptum.
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður.
- Vilji til þátttöku í samstarfi og teymiskennslu.
- Áhugi á útinámi og að þróa sig í starfi.
- Góð íslenskukunnátta
- Jákvæðni og sveigjanleiki.
- Vilji til að gera góðan skóla betri.



Umsækjendur þurfa að sýna fram á hreint sakavottorð. Störfin henta einstaklingum óháð kyni.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsókn skal fylgja kynningarbréf, yfirlit yfir nám og fyrri störf og leyfisbréf fyrir starfsheitið kennari.

Nánari upplýsingar gefur Íris Anna Steinarssdóttir skólastjóri í síma 480-3030. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til skólastjóra á netfangið irisanna@blaskogaskoli.is. Umsóknarfrestur er til 8. apríl 2024.